

Ed.

504. Breytingartillögur

[176. mál]

við frv. til laga um Atvinnuöfnunarsjóð.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Stofnfé Atvinnuöfnunarsjóðs er:
 - a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkv. lögum nr. 40/1962.
 - b. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 100 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
 - c. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands samkv. 4. gr. laga nr. 17/1953, er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Tekjur Atvinnuöfnunarsjóðs eru:
 - a. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 15 000 000.00, sem greiðist á árinu 1966.
 - b. Framlag úr ríkissjóði, er greiðist sjóðnum árlega frá og með árinu 1967 og nema skal 1.5% af áætluðum skatta- og tolltekjum ríkissjóðs viðkomandi fjárlagaár.